

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi íbúðabyggðar í Hvaleyrarhrauni, Vallarbyggð 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 19. ágúst 2009 breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar í Hvaleyrarhrauni vegna Vallarbyggðar 6. Breytingin felst í að byggingarreitur lóðar nr. 6 við Vallarbyggð er stækkaður um 1,44 m til vesturs. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 1. september 2009,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2009